

Rekstrarreikningur 2023

	Skýr.		2023	2022
Rekstrartekjur:				
Félagsgjöld.....	(8)	Kr.	5,399,750	4,911,000
Sölustarfsemi í golfskála.....	(9)	-	7,290,275	2,457,165
Vallargjöld / Sumarkort.....	(9)	-	4,605,009	7,141,634
Mótagjöld.....	-	-	986,000	658,000
Styrktarmót.....	-	-	260,000	260,000
Styrkir, auglýsingar.....	(10)	-	2,186,229	1,996,824
Útleiga á golfbíl og golfbúnaði	-	-	243,500	143,400
Lottó / Getraunir.....	-	-	69,552	60,368
Vaxtatekjur-fjármagnstekjuskattur.....	-	-	30,713	2,316
Rekstrartekjur samtals		Kr.	21,071,028	17,630,707
Rekstrargjöld:				
Greiðslur til vallarstjóra-kostnaður.....		Kr.	3,384,000	3,000,000
Greiðslur til skálastjóra-kostnaður.....		-	2,424,000	2,351,000
Vörukaup o.fl. vegna golfskála.....		-	1,816,223	1,499,167
Leiga v/golfvallar.....	(11)	-	216,260	212,310
Viðhald tækja og skála.....	(12)	-	372,895	510,866
Framkvæmdir við golfvöll.....	(13)	-	0	0
Rafmagn og hiti.....	-	-	116,189	68,445
Fasteignagjöld.....	-	-	397,039	333,849
Vörukaup o.fl. vegna golfvallar.....	(14)	-	2,561,176	1,943,447
Tryggingar.....	-	-	239,689	210,705
Skattur GSÍ / HSK.....	(15)	-	604,225	610,840
Verðlaun og mótakostnaður.....	(16)	-	1,098,488	1,059,664
Ýmiss kostnaður.....	(17)	-	712,058	240,686
Vaxtagjöld og bankakostnaður.....	(18)	-	273,347	232,917
Rekstrargjöld samtals		Kr.	14,215,589	12,273,896
Hagnaður (tap) af reglulegri starfsemi.....		Kr.	6,855,439	5,356,811
Óreglulegar tekjur / gjöld:				
Afskriftir véla, tækja og verkfæra			-1,720,112	-1,513,869
Óreglulegar tekjur / gjöld samtals		Kr.	-1,720,112	-1,513,869
Hagnaður (tap) ársins.....		Kr.	5,135,327	3,842,942

Ég undirritaður hef skoðað ársreikning Golfklúbbsins Dalbúa fyrir tímabilið 1.11.2022 - 31.10.2023 og hef ekkert fundið athugasvert og legg til að hann verði samþykktur.


 Jón Þ. Hilmarsson

Efnahagsreikningur 31. okt. 2023

Eignir	Skýr.	2023	2022
Varanlegir rekstrarfjámunir :			
Áhöld og búnaður.....	(2) Kr.	2,368,173	1,691,664
Vélar, tæki og verkfæri.....	(3) -	6,880,447	6,055,478
Bílastæði.....	-	200,000	200,000
Golfvöllur.....	(4) -	13,878,666	12,155,214
Golfskáli.....	(5) -	420,000	420,000
Varanlegir rekstrarfjámunir samtals	Kr.	23,747,286	20,522,356
Veltufjámunir :			
Bankareikningar.....	Kr.	8,620,806	6,358,043
Skammtímakröfur :			
Viðskiptakröfur.....	(6) Kr.	131,241	31,590
Veltufjámunir samtals	Kr.	8,752,047	6,389,633
Eignir alls	Kr.	32,499,333	26,911,989
Skuldir og eigið fé			
Eigið fé :			
Óráðstafað eigið fé.....	Kr.	26,581,874	22,738,932
Hagnaður (tap) ársins	-	5,135,327	3,842,942
Eigið fé samtals	Kr.	31,717,201	26,581,874
Skuldir :			
Langtímaskuldir:			
Lánveitandi.....	Kr.	0	0
Næsta árs afborgun	-	0	0
Skuldir samtals	Kr.	0	0
Viðskiptaskuldir.....	(7) Kr.	782,132	330,115
Næsta árs afborgun fjármögnunar.....	-	0	0
Skammtímaskuldir samtals	Kr.	782,132	330,115
Skuldir samtals	Kr.	782,132	330,115
Skuldir og eigið fé alls	Kr.	32,499,333	26,911,989

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

- Við gerð ársreiknings 2022-2023 er í öllum meginatriðum fylgt hefðbundnum reikningsskilaaðferðum og er fylgt ákvæðum skattalaga við gerð ársreiknings og er fyrningareglum breytt til samræmis við breytingu á skattalögum. Allar tölur eru færðar í heilum krónum.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru ekki reiknuð vegna breytinga á lagafyrirmælum um reikningsskil og varanlegir rekstrarfjármunir eru af sömu ástæðu ekki endurmetnir.

Eignir

- Áhöld og búnaður eru metnar á kostnaðarverði. Hér er einkum um að ræða áhöld og búnað í golfskála, þ.e. innréttingar, tæki, húsgögn og annan búnað. Keyptir voru nýir fánar og holustangir fyrir brautir vallarins, eldhústæki og búnaður, húsgögn á pall o.fl. búnaður. Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið.
- Vélar, tæki og verkfæri voru metin á kostnaðarverði í upphafi árs og kaupverði innan ársins.
- Reiknaðar eru afskriftir (20%) af bókfærðu verðmati véla, tækja og verkfæra í lok árs, og bókfært verð þeirra (færsla #668) er í árslok lækkað um kr. 1.720.112.-
- Unnið var að framkvæmdum við stækkun teiga á nokkrum brautum, reist salernishús og klæðning umhverfis tjörn. Þá var hafist handa við uppsetningu vökvunarkerfis við flatir, mun sú vinna halda áfram næsta sumar, ásamt öðrum framkvæmdum. Innan ársins var greiddur kostnaður að upphæð kr. 1.723.452.- vegna þessa. Þessi kostnaður er eignfærður í lok reikningsársins (færsla #667)
- Frekari kostnaður vegna framkvæmda mun falla á næsta reikningsár, þ.e. 2023-2024, og hefur verið safnað í sjóð vegna þessa.
- Golfskáli: Sjá skýringu á eignarhluta GD í skála í ársreikningi 2017-2018. Verðmat eignarhlutans var við upphaf reikningsársins kr. 420.000.- Ekki hafa verið reiknaðar afskriftir af þessum eignalið, og er hann því óbreyttur milli ára.
- Viðskiptakröfur: Tekjur vegna kreditkortagreiðslna á síðasta kortatímabili sumarsins (232.9-22.10.2023) koma til greiðslu frá Rapyd 1. nóvember, þ.e. eftir að reikningsári GD lýkur. Því eru umræddar greiðslur tekjufærðar í ársreikning, en jafnframt skráðar sem viðskiptakröfur að upphæð kr. 131.241.-.

Skuldir

- Reikningar vegna kaup á grasfræi og götunar á flötum bárust eftir lok reikningsárs og eru gjaldfærðir til að sem best mynd fái af rekstrarkostnaði, en um leið færðir sem viðskiptaskuldir (samtals kr. 782.132.-), sem verða greidda á nýju reikningsári.

Rekstrartekjur

- Félagsgjöld: Alls greiddu 130 félagar árgjald til GD 2023. Með heiðursfélögum eru félagsmenn 138 talsins í lok starfsársins 2023, en voru 137 í lok árs 2022, sem er örli til fjölgun félaga milli ára. Nýskráningar félagsmanna voru alls 16 innan ársins, en úrsagnir 15. Tekjur af félagsgjöldum jukust um tæp 10% milli ára; og héldu þannig í viðalmenna verðlagsþróun; þar sem árlegt félagsgjald er mismunandi eftir hópum (paragjöld, eldri félagsmenn o.s.frv.) má benda á að greitt félagsgjald var að meðaltali um kr. 41.500.-.
- Sölustarfsemi í golfskála, vallargjöld og sumarkort: Samkvæmt samningi sem gerður var 17. maí 2023 greiddu GRAFÍA, RSÍ og VM Félag vélstjóra og málmteknimanna hvert fyrir sig kr. 600.000 til GD og fengu fyrir þá greiðslu m.a. 20 golfkort sem giltu fyrir 2 á velli Dalbúa sumarið 2023.

Greiðslur félaganna, samtals kr. 1.800.000, voru færðar sem hluti tekna af vallargjöldum og sumarkortum í rekstrarreikning.

Aðrar tekjur GD af sölu vallargjalda numu kr. 2.789.009.- og drógust verulega saman á milli ára. Meðal vallargjalda eru skráðar tekjur af námskeiðsgjöldum (kr. 96.000.-)

Leikur grunur á að verulegur hluti vallargjalda hafi verið skráður í greiðsluposa sem tekjur af sölustarfsemi í golfskála, en þær tekjur jukust verulega milli ára.

- Samanlagðar tekjur af sölustarfsemi í golfskála, vallargjöldum og sumarkortum á reikningarárinu 2021-2022 voru kr. 9.742.199,- en á reikningsárinu 2022-2023 kr. 12.138.784.- sem samsvarar um 25% aukningu milli ára af samanlögðum tekjum vegna ofangreindra tekjuliða.

10. Hefðbundnar tekjur af styrkjum og auglýsingum eru nokkru meiri árið á undan innan reikningsársins 2022-2023. Fyrst og fremst er um að ræða styrki skv. samningum. Þá var ákveðið að færa nú til bókar í annað sinn verðmæti styrkja sem aflað var vegna verðlauna á mótum, þ.e. að færa verðmætamat slíkra styrkja til tekna og sem gjöld (verðlaun og mótakostnaður). Þessi skrásetning hefur engin áhrif á fjármagnsflæði GD, en gefur betri upplýsingar en áður var um heildarverðmæti í rekstrinum. Um er að ræða eftirfarandi tekjur:

Styrkur frá Samkaup hf. (samkvæmt samningi v. auglýsingaskiltis)	kr. 236.753.-
Tekjur af sölu Fontana-korta (samkvæmt samning v. auglýsingaskiltis)	kr. 350.000.-
Styrkur frá Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni (samkvæmt samningi)	kr. 200.000.-
Styrkur frá Bláskógabyggð (jafnhár og álagður fasteignaskattur v. golfskála)	kr. 318.600.-
Styrkur frá Heimilistækjum (samkvæmt samningi)	<u>kr. 199.996.-</u>
Tekjur af styrkjum og auglýsingum samtals	kr. 1.305.349.-
Verðmat styrkja vegna verðlauna í mótum á vegum GD	<u>kr. 880.880.-</u>
Heildarupphæð styrkja	kr. 2.186.229.-

Rekstrargjöld

11. Leiga vegna golfvallar 2022 er reiknuð á grundvelli 7. gr. samnings FBM/Graffu við GD frá 9. júlí 1994 (5% af félagsgjaldi síðasta fjárhagsárs (2021-2022) að frádregnu aðildargjaldi GD í GSÍ), samtals að upphæð kr. 216.260.- er gjaldfærð á árinu.
12. Viðhald tækja og skála er einkum kostnaður vegna viðgerða, þ.e. vinna og varahlutir. Um er að ræða eðlilegt viðhald og viðgerðir, en á árinu urðu engar alvarlegar bilanir á tækjum, og þessi kostnaðarliður því umtalsvert lægri en á síðasta ári. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:
- | | |
|---|---------------|
| Brýnsla sláttublaða á öllum vélum, varahlutir o.fl. | kr. 174.500.- |
| Lagnaefni o.fl. | kr. 143.687.- |
| Síur o.fl. | kr. 37.126.- |
| Dekk á golfbíl | kr. 17.582.- |
13. Vinna hefur verið haldið áfram við stækkun teiga og frekari uppbyggingu æfingasvæðis, og mun sú vinna halda áfram veturinn 2022-2023. Á þessu reikningsári hefur verið greiddur kostnaður að upphæð samtals kr. 1.723.452.- sem er eignfærður og hækkar matsverð golfvallar í efnahagsreikningi (sjá skýringu nr. 4). Aukinn kostnaður vegna framkvæmda mun væntanlega falla á næsta reikningsár, þ.e. 2023-2024, og hefur verið safnað í sjóð vegna þessa.
14. Kostnaður vegna kaupa á rekstrarvörum hækkar umtalsvert á milli ára, og er það bæði í samræmi við almennar verðhækkningar og þróun verðlags og framkvæmdir. Helstu kostnaðarliðir reyndust eftirfarandi:
- | | |
|-------------------------------------|---------------|
| Olíu-, smurolíu- og bensínkostnaður | kr. 814.876.- |
| Áburðarkaup | kr. 433.000.- |
| Kaup á fræi | kr. 567.032.- |
| Götun á flötum | kr. 215.100.- |
| Prentun á skorkortum | kr. 97.772.- |
| Fánar á holustangir | kr. 136.400.- |
| Boltaþvottavél | kr. 61.546.- |
| Sandur og grús, akstur o.fl. | kr. 220.550.- |

15. Svonefnd GSÍ-gjöld vegna greiddra félagsgjalda vega hér þyngst. Þau eru árið 2023 kr. 6.000.- af hverju greiddu félagsgjaldi í aðalklúbbi, og samtals kr. 582.000.- á þessu reikningsári.
- Sú upphæð jafngildir því að 97 félagsmenn hafi haft Dalbúa sem heimaklúbb skv. skráningu GSÍ 1. júlí 2023, nokkru færri en árið áður.
16. Á reikningsárinu 2021-2022 var tekin upp sú nýbreytni í ársreikningi að skrásetja verðmat styrkja vegna verðlauna í mótum á vegum GD, og er því haldið áfram á þessu reikningsári. Eins og fram kemur í skýringu nr. 8 er verðmat styrkja vegna verðlauna í mótum sumarið 2023 alls kr. 880.880,- og er sú upphæð bókfærð sem kostnaður undir liðnum „Verðlaun og mótakostnaður“.
- Sé þessi upphæð dregin frá, stendur eftir að útlagður kostnaður vegna verðlauna og móta á reikningsárinu var kr. 218.608,-.
17. Hefðbundinn ýmis kostnaður er nokkuð stöðugur milli ára, en nokkrir nýir kostnaðarliðir falla í þennan kostnaðarflokk, sem verða til þess að hann hækkar verulega í heildina. Heildarkostnaður innan þessa flokks reyndist kr. 712.058.-, en helstu liðir sem teknir eru saman hér eru eftirfarandi:
- | | |
|--|---------------|
| STEF-gjald | kr. 16.981.- |
| Heilbrigðiseftirlitsgjald | kr. 49.350.- |
| Vinnueftirlitsgjald | kr. 40.311.- |
| Símakostnaður | kr. 51.507.- |
| Hýsing vefsíðu | kr. 21.984.- |
| Kostnaður vegna aðalfundar, stjórnarfundar og vinnudags GD | kr. 67.827.- |
| Kostnaður vegna golfnámskeiðs (sjá skýringu nr. 9 v. tekna af námskeiði) | kr. 15.000.- |
| Gjafir | kr. 61.340.- |
| Akstur | kr. 19.406.- |
| Auglýsingakostnaður | kr. 70.600.- |
| Álskilti á brautarmerkingar | kr. 93.000.- |
| Þátttaka í keppni í 5. Deild golfklúbba | kr. 147.552.- |
| Pappír, möppur, ljósritun, skönnun o.fl. | kr. 43.201.- |
18. Vaxtagjöld og bankakostnaður vex verulega milli ára. Á þessu reikningsári líkt og því síðasta er færður til bókar kostnaður vegna greiðslna sem berast annars vegar í gegnum greiðsluposa í golfskála (einn posi fyrir almenna veitingasölu, annar fyrir sölu vallargjalda, útleigu búnaðar og mótagjöld), og hins vegar í gegnum vefsíðuna GolfBox (vallargjöld og öll mótagjöld). Greiðsluposarnir eru leigðir frá Rapyd, en netgreiðslur berast í gegnum Teya. Loks hefur kostnaður við innheimtu félagsgjalda aukist.
- Heildarkostnaður vegna vaxtagjalda og bankakostnaðar er kr. 273.347.- og eru helstu liðir þessa kostnaðar eftirfarandi:
- | | |
|--|---------------|
| Rapyd - þjónustugjöld og aðrir frádráttarliðir | kr. 192.364.- |
| Teya - þjónustugjöld | kr. 31.622.- |
| Íslandsbanki - innheimtuþjónusta (vegna árgjalda GD) | kr. 42.721.- |